



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Bæjarráð sveitarfélagsins Árborgar

Reykjavík 9. desember 2020

2009067SA AGB

Málalykill: 14.11

Efni: Ósk bæjarráðs Árborgar um umsögn um álit umboðsmanns barna um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga.

Í tölvupósti 1. desember sl. var því komið á framfæri að á fundi bæjarráðs Árborgar 26. nóvember sl. hafi verið samþykkt að óska eftir sérstakri umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um álit umboðsmanns barna um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga, sbr. bréf umboðsmanns til allra sveitarfélaga, dags. 26. ágúst 2020.

Vegna þessarar samþykktar er rétt að greina frá því að undirrituð átti fund með umboðsmanni barna, Salvöru Nordal, 19. nóvember sl. um efni bréfsins, ásamt fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og formanni FÍÆT.

Þar kom ég eftirfarandi athugasemdum við efni bréfsins á framfæri við umboðsmann:

- Að skort hafi samráð við sveitarfélög um viðhorf þeirra til þess að í ungmennaráðum sveitarfélögum eigi eingöngu sæti fulltrúar undir 18 ára aldri áður en bréf hennar með tilmælum þess efnis var sent sveitarfélögum.
- Að óheppilegt hafi verið að nota orðið tilmæli í bréfinu með tilliti til sjálfforræðis sveitarfélaga og þess að í störfum sínum ber umboðsmanni að setja fram ábendingar og tillögur, sbr. 3. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994
- Að sambandið telji það ekki jafn skýrt, og umboðsmaður barna í bréfinu, að túlka beri æskulýðslög, nr. 70/2007, þannig að í ungmennaráðum sveitarfélaga eigi eingöngu sæti fulltrúar undir 18 ára aldri. Tekið skal fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem æskulýðslög heyra undir, virðist heldur ekki deila þessar lagatúlkun með umboðsmanni. Á fundinum var hins vegar bent á að ekki hefur verið sett reglugerð eins og boðað er í 13. gr. laganna að ráðherra eigi að gera með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna. Í slíkri reglugerð væri unnt að taka af vafa um þetta atriði.

Niðurstaða fundarins var að umboðsmaður barna lýsti sig fúsa til samstarfs við sambandið um samráð við fulltrúa í ungmennaráðum sveitarfélaga um málefni ungmennaráða, m.a. um aldursviðmið, sem og út frá markmiðum í stefnumörkun sambandsins fyrir þetta kjörtímabil, eins og lagt er til í minnisblaði sem var lagt fram á fundi stjórnar sambandsins 30. október sl., og hefur áður verið framsent bæjarráði Árborgar.

Sambandið hyggst, m.a. að fyrirmynd SASS, sækja um styrk úr Erasmus áætlun ESB til að fara í slíkt samráð þegar auglýst verður næst eftir styrkumsóknum í febrúar nk.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Anna G. Björnsdóttir

Anna G. Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs